

Forseti Hugvísindasviðs, deildarforseti Íslensku- og menningardeildar,  
heiðursdoktorsefni, aðrir góðir gestir;

Ég býð ykkur öll velkomin til þessarar athafnar, þar sem fram fer veiting heiðursdoktorsnafnbótar á vegum Íslensku- og menningardeildar, á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Í dag heiðrum við Lars Lönnroth, prófessor emeritus í norrænum fræðum, fræðimann og frumkvöðul. Hlýtur hann heiðursdoktorsnafnbót fyrir starf sitt við útbreiðslu íslenskrar menningar víða um heim og einstæða vináttu og samskipti við Háskóla Íslands, eins og nánar verður rakið hér á eftir.

Í lögum um Háskóla Íslands hefur frá upphafi verið sérstakur kafli um doktora þar sem mælt er fyrir að háskóladeildir hafi rétt til að veita doktorsnafnbót, á tvennum forsendum. Annars vegar að undangengnu sérstöku prófi og hins vegar í heiðurs skyni, *honoris causa*, án undangengins sérstaks prófs. Eins og heiti nafnbótarinnar ber með sér er hún veitt til að heiðra doktorsefnið og til sæmdarauka fyrir Háskóla Íslands. Með valinu getur Háskólinn einnig sýnt virðingu fyrir sérstakt framlag til skólans eða farsæl störf í hans þágu. Þeir sem þessa sæmd hljóta skulu hafa afkastað merkilegu starfi og njóta almennrar viðurkenningar á sínu sviði, ýmist sem fræðimenn, menningarfrömuðir, andlegir eða veraldlegir leiðtogar.

Veiting heiðursdoktorsnafnbótar hefur ávallt verið gildur þáttur í starfi háskólans. Fyrstur til að hljóta nafnbótina var dr. Björn M. Olsen háskólarektor, en honum hlotnaðist sá heiður árið 1918 er hann lét af störfum sem prófessor. Frá þeim tíma hafa um 200 manns verið sæmdir heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands, jafnt hérlendir sem erlendir. Það er einkar ánægjulegt að Lars Lönnroth skuli nú bætast í þann hóp.

Lars Lönnroth á að baki mikið og einstakt ævistarf, í heimalandi sínu Svíþjóð og víðar. Hann er prófessor emeritus við Gautaborgarháskóla en starfaði einnig um árabíl við Álaborgarháskóla og Berkeley-háskóla í Kaliforníu. Á sviði íslenskra fræða er Lars frumkvöðull og innleiddi þar nýjar hugmyndir, allt frá því hann hóf feril sinn fyrir rúmum 50 árum. Rannsóknarefni hans hafa verið norrænar

miðaldabókmenntir, til dæmis Njáls saga, og eftir Lars liggur fjöldi verka sem hafa haft mikil áhrif á þróun miðaldafræða og teljast nú grundvallarrit. Þar eru ruddar nýjar brautir í rannsóknum á norrænni menningu sem aðrir fræðimenn hafa fetað og reynst gjöfular. Kunnar eru hinar mörgu þýðingar Lars á eddukvæðum, fornaldarsögum og Íslendingasögum.

Lars var nemandi við Háskóla Íslands í upphafi sjöunda áratugar síðustu aldar og hefur síðan verið hér tíður gestur og haldið fjölda fyrirlestra. Hjá honum fara saman mikil og einlæg vinátta við Ísland og Íslendinga, sérstök vinátta við Háskóla Íslands ásamt vandaðri fræðimennsku, gagnrýnni hugsun og nýsköpun á fræðasviðinu.

Það er til sæmdarauka fyrir Háskólann og Íslensku- og menningardeild að heiðra Lars Lönnroth með heiðursdoktorsnafnbót, nú þegar fagnað er 110 ára afmæli Háskóla Íslands.

(Að því sögðu býð ég prófessor Torfa H. Tulinius, deildarforseta Íslensku- og menningardeildar, að ganga á svið.)